

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Hrafninnusker, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 8. janúar 2025, tillögu að breytingum á gildandi deiliskipulagi dags. 26. maí 2010 fyrir skálasvæðið við Hrafninnusker. Breytingin felst í breyttum lóðamörkum, þar sem lóð er stækkuð og gert er ráð fyrir einni lóð ásamt byggingarreit um núverandi byggingar á svæðinu. Svæðið er utan vegsambands en unnt er að komast næst svæðinu ef farin er Landmannaleið/Dómadalsleið (F-225). Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Lúnansholt III og IV, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 26. febrúar 2025, tillögu að breytingum á gildandi deiliskipulagi dags. 7. apríl 2014 fyrir íbúðarbyggðina að Lúnansholti III og IV. Byggingarreitir á öllum lóðum eru stækkaðir til þess að veita meira svigrúm um staðsetningu bygginga innan reita, nýtingarhlutfall hækkar í samræmi við breytingu á landnotkun í aðalskipulagi og verður 0,05. Hámarksbyggingarmagn getur þó aldrei orðið meira en 1.500 m². Gerð er sér lóð utan um gamla hlöðu og fjárhús sem liggur í jaðri lóðar D2, samhliða minnkar stærð lóðar D2. Aðkoman er af Landvegi (26). Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 24. mars 2025.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 7. apríl 2025